



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Tilraunaverkefnið um sumaropnun leikskóla - umsóknir fyrir sumarið 2020*

Send var út tilkynning og umsóknareyðublað til allra foreldra 11. mars 2020 á þremur tungumálum íslensku, ensku og pólsku, þar sem auglýst var sumaropnun í einum leikskóla í hverju hverfi í Reykjavík. Umsóknarfrestur var til 1. apríl 2020. Auk þess var sérstök auglýsing á þessu tilraunaverkefni send til leikskólastjóra, einnig á þremur tungumálum, sem þeir voru beðnir um að hengja upp á hverja deild. Í ljósi aðstæðna var þess einnig óskað að leikskólastjórar myndu fylgja eftir þessari auglýsingu innan síns skóla þar sem verkfall hafði staðið yfir og því stór hluti foreldrahópsins komið stopult inn í leikskólann.

Lokafrestur til að sækja um þátttöku í tilraunarverkefninu um sumaropnun var eins og fram kom hér að ofan 1. apríl 2020. Ákveðið var í ljósi aðstæðna (verkfalla, Covid-19 og dræmrar þátttöku) að framlengja umsóknarfrest foreldra til að sækja um til 15. apríl 2020. Ítrekun var send 3. apríl 2020 til allra foreldra í gegnum Völu þar sem fram kom að búið væri að framlengja umsóknarfrest. Jafnframt var búið að auglýsa verkefnið og sendar út tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar um breytta lokadagsetningu. Föstudaginn 17. apríl 2020 var kallað eftir upplýsingum um um fjölda umsókna sem borist höfðu þeim sex leikskólum sem verða opnir. Tölurnar má sjá hér í töflunni fyrir neðan.

Leikskólar	Fjöldi barna úr öðrum leikskólum	Fjöldi barna innan leikskólans
Drafnarsteinn	10	7
Bjartahlíð	9	7
Vinagerði	10	7
Bakkaborg	12	11
Lyngheimar	8	10
Rofaborg	0	2
Samtals	<b>49</b>	<b>42</b>

Þess skal getið að nokkir leikskólastjórar höfðu orð á því að einhver hluti þeirra foreldra sem eru að sækja um hafa þann varnagla á að þeirra skipulag miðist við að þeir komist til síns heimalands í sumarleyfi, verði það ekki hægt (vegna Covid takmarkana) verði breyting á og þá munu þeir taka sumarleyfi á tilskyldum tíma þ.e. þegar leikskólinn þegar lokar.